



Siðferðisleg skylda að segja frá

Jón Ormur Halldórsson í viðtali um bók sína *Átakasvæði í heiminum*, stórfelldan blekkingarleik fjölmiðla, leit Vesturlanda að nýjum „óvini“, ábyrgðarleysi íslenska utanríkisráðherrans og fleira.

Jón Ormur Halldórsson, dósent við HÍ, hefur nýverið gefið út bókina *Átakasvæði í heiminum*. PRESSAN tók Jón tali og innti hann fyrst eftir því hversu lengi bókin hefði verið í smíðum?

„Þetta er efni sem ég hef verið að fylgjast með í sumum tilvikum hátt í tuttugu ár. Til dæmis kaflinn um Kýpur, ég kom þar fyrst 1976 og hef fylgst með þróun mála þar af talsverðum áhuga síðan. Sum lönd hef ég skoðað meðan ég hef dvalið í viðkomandi löndum, meðan þekking mín á öðrum er meira úr bókum. Aðdragandinn er í öllu falli mjög langur.“

I formála kemur þú inn á að bókin sé í og með skrifuð til að fólk geti fengið heildstæðari mynd af atburðum. Það liggur til dæmis fyrir að þú frétta eins og þær eru framreiddar í dag og þeirri mynd sem þær geta gefið af viðburðum líðandi stundar?

„Það eru annars vegar beinar takmarkanir í fréttalutningi, sem ekki er hægt að komast yfir, og svo hinar, sem hægt er að komast hjá, þótt menn geri það sjaldnast. Fréttir eru anekdotur um atburði sem gerast, en hins vegar er hægt baksviðs að rekja um hvað hlutirnir snúast þannig að þeir séu settir í samhengi við það sem á undan er komið eða í samhengi við það sem raunverulega ræður gangi mála. Það er hægt að útskýra slíkt í stuttu máli, en það er mjög oft ekki gert á Íslandi. En svo maður komi með dæmisögu um hvað þetta er erfitt, þá var ég um stuttan tíma að vinna á Stöð 2. Það gerðist sama daginn að ég var með tveggja tíma fyrirlestur um ástandið í Líbanon í háskólanum og tveggja mínútna frétt um hið sama um kvöldið. Ég reyndi að útskýra ástandið í Líbanon á þessum tveimur mínútum fyrir sjónvarpsáhorfendum, þó að tveir tímar dygðu ekki handa háskólanemum. Það er hægt að reyna

en tæknilega er þetta mjög erfitt.“

Falsmynd fjölmiðla af Persaflóastríðinu

Eitt er takmörkuð geta fréttastofa til að gefa heildstæða mynd af atburðum og baksviði þeirra. Annað er þegar hreinræktadri falsmynd er haldið að almenningi eins og í Persaflóastríðinu, eða hvernig myndir þú lýsa þeim fréttum sem birtust á Vesturlöndum um þá atburði?

„Þetta er rétt lýsing. Á síðustu tveimur árum hafa komið út tugir bóka um þátt fjölmiðla í Persaflóastríðinu og niðurstæða nánast allra er á þá leið að þarna hafi verið stórkostleg blekking á ferðinni og stórmærilegt út af fyrir sig að það skuli hafa tekist að framkvæma hana með þessum hætti. Það tókst að draga athyglina frá kjarna málsins, en um leið fékk fólk á tilfinninguna að það vissi námkvæmlega hvað væri að gerast, meira en í nokkru öðru stríði. Þetta er algjör mótsögn, sem gekk upp í gegnum fjölmiðla. Það liggur til dæmis fyrir að það dóu á milli 100 og 200 þúsund manns í stríðinu, en það hefur enginn sjónvarpsáhorfandi séð eitt einasta lík. Síðan liggur fyrir að þessar háteknispengjur, smartspengjur svokallaðar, gegndu nánast engu hlutverki. Þó kallaði Washington Post þetta Nintendostriðið, því í sjónvarpinu leit þetta út eins og tölvuleikur. Stríðið vannst hins vegar með teppaspengjum, þar sem mjög miklu spengjumagni var varpað á afmarkað landsvæði þar sem hermenn voru fyrir svo að engu yrði eirt. Þetta var gert með B-52-flugvélum sem höfðu tekið þátt í Vietnamstríðinu og voru í nánast öllum tilfellum eldri en flugmennirnir. Þannig að þetta var eins gamaldags stríð og hægt var að hugsa sér og vannst með gifurlegu manndrápi. Annað sem var sérstakt við

þetta stríð var að það varð enginn blaðamaður vitni að neinum atburðum þar, enginn sá nokkurn tíma skotið af byssu. Þeir voru lokaðir inni á einhverjum hótelhbergjum.“

En hvað gerir svona mögulegt?

„Þeir sem lögðu á ráðin um upplýsingamiðlun úr stríðinu voru að hluta til þeir sömu og höfðu stjórn að fjölmiðlaherferðum í kosningabaráttu í Bandaríkjunum og menn nálguðust þetta með svipuðu hugarfari. Menn voru minnugir Vietnamstríðsins sem tapadist í fjölmiðlum, en þetta stríð átti að vinnast í fjölmiðlum. Í upphafi stríðsins var það kynnt sem stríð um lífs-hagsmunum Bandaríkjanna, en sú lína gufaði upp innan fárra daga og það var kynnt sem stríð í æðri tilgangi; fyrir sjálfsákvörðunarrétti þjóða og til að stöðva nýjan Hitler. Nú er það hins vegar alls staðar viðurkennt að þetta var hreinrækt að hagsmunastríð. Það er athyglisvert að stríðið var alltaf kynnt á Íslandi sem stríð í æðri tilgangi og umræða um annað var kæfð. Hvorki hér né annars staðar var aðstæða til neinnar sjálfstæðrar ákvarðanatöku fyrir blaðamenn, hvað þá almenning. Ég held að það verði erfitt að endurtaka þennan leik, því blaðamenn sáu eftir á hvernig hafði verið farið með þá.“

Hver er uppræðingarskylda þeirra sem telja sig vita betur til að andæfa röngum og misvísandi upplýsingum af þessu tagi? Er þessi bók tilkomin af einhverri slíkri skyldutillfinningu?

„Já. Það er lífsafstaða mín að þeir sem telja sig vita eitthvað um hlutina skuldi öðrum að segja frá þeim. Ég held varla að það sé hægt að ýkja þá siðferðislegu skyldu blaðamanna, sem fylgjast með átökum og öðrum atburðum, að segja frá. Flest átök eru jafnframt áttök um sögu. Þeir sem segja frá, eins og má sjá í Jógóslavíu, ráða því að miklu

leyti hvernig viðbrögð samtímans verða en um leið hvernig sagan verður skrifuð.“

Misvísandi hugtakanotkun íslenskra fjölmiðla

Hugtakanotkun á íslenskum fjölmiðlum er eftirtektarverð. Hryðjuverkamaður hefur verið gegnumgangandi samheiti yfir andstæðinga Ísraelsríkis, Ísraelsmenn eru „myrtir“ af arabum, en líðsmenn Intifata eru „skotnir“ eða „vegnir“, svo dæmi séu tekin. Hverjar telur þú rætur þessarar mismununar vera? Telurðu að um meðvitaða hugtakanotkun sé að ræða og hverjar telur þú hugsanlegar afleiðingar?

„Ég er sammála þessari skoðun um hugtakanotkun í íslenskum fjölmiðlum. Það virðist vera að efri ríki framkvæmir eitthvað þá er það „aðgerð“ eða hernaðaraðgerð. Ef aðrir aðilar eða einstaklingar gera hið sama er það „hryðjuverk“. Þannig að árásir Ísraelsríkis eru aðgerðir, svör í sömu mynt eru hryðjuverk. Ríki eða her skjóta fólk eða vegu, einstaklingar myrða ef þeir eru ekki partur af ríkiskerfinu. Fjölmiðlar bera mikla virðingu fyrir þessari weberísku hugsun, að ríkisvaldið hafi einkarétt á ofbeldi. Eins er mjög rík tilhneiging í fjölmiðlum að bera virðingu fyrir status quo, eða ríkjandi ástandi. Það er mjög djúp virðing fyrir ríkjandi valdakerfi og það sést í hugtakanotkun fjölmiðla og frásagnarmáta. Afleiðingar þessa verða mis-skilningur meðal almennings. Hver er til dæmis munurinn á tveimur forsætisráðherrum Ísraels í fimmtán ár, Begin og Shamir, og hryðjuverkamönnum? Þeir voru hryðjuverkamenn, urðu forsætisráðherrar og sem slíkir stóðu þeir fyrir aðgerðum sem leiddu til sömu niðurstöðu og „hryðjuverk“, fjöldi óbreyttra borgara er drepinn, en af hermönnum sem þeir stýra.“

Í umfjöllun þinni um Jógóslavíu í

bókinni minnstu á að Þjóðverjar hafi ýtt mjög á um að sjálfstæði Króatíu yrði viðurkennt og að sá hraði sem þar var viðhafður hafi haft afdrifaríkar afleiðingar og sennilega ýtt undir að vopnuð átök hófust. Þú skýrir hins vegar ekki hugsanlegar ástæður Þjóðverja fyrir þessum „aðibunugangi“?

„Ég get mér þess til að það hafi ekki verið beinir hagsmunir Þjóðverja sem réðu, heldur pólitík. Annars vegar andúð á kommúnistum, sem voru ráðandi þá í Serbíu. Hins vegar er gifurlegur fjöldi Króata í Pýskalandi, þótt þar séu einnig margir Serbar. Króatar voru líka undir Austurrísku keisaradæminu á sínum tíma og svo voru Króatar samstarfsmenn Þjóðverja í heimsstyrjöldinni, þó svo menn vilji sennilega sem minnst um það tala.“

Rembingur elur af sér óábyrga afstöðu

Í framhaldi af hugsanlegum afleiðingum aðgerða Þjóðverja í málum Króatíu, hvað finnst þér um þá utanríkisstefnu Íslendinga að vilja vera fyrstir að viðurkenna sjálfstæði ríkja eins og Króatíu, Slóveníu, Eystrasaltsríkjanna? Finnst þér þetta vera ábyrg afstaða, eða telurðu frumkvæði Íslands kannski ekki skipta neinu máli?

„Þetta skiptir sennilega litlu máli í heimsmálunum, en mér finnst þetta ekki vera ábyrg afstaða. Það var tekið eftir þessu í viðkomandi löndum, en tæpast annars staðar. Aðallega er þetta tilraun til að komast á blað, það er ekkert annað á bak við þetta. Það var eðlilegra að hafa samflot við önnur ríki. Ég held að íslenska utanríkisþjónustan sé ekki í stakk búin til að greina flókin alþjóðamál neins staðar.“

Breytt heimsmynd. Við höfum komið inn á vald fjölmiðla til að móta heimsmynd almennings. Nú hefur talvert borði á því eftir fall

JÓN ORMUR HALLDÓRSSON: Vilji íslensku utanríkisþjónustunnar að verða fyrstir til að viðurkenna sjálfstæði Króatíu var aðeins tilraun til að komast á blað. Það var ekki ábyrg afstaða sem réð.

Sovétríkjanna að hinn vestræni heimur sé að leita að nýjum neikvæðum samanburðarvalkostum og að sá valkostur muni verða Islam. Annar litur, önnur trú, aðrar síðvenjur, „kúgun kvenna“, andstaða við vestræna gildi og Vesturlönd, skortur á umburðarlyndi gagnvart skoðunum annarra. Reiknar þú með að Islam verði hinn nýi andstæðingur Vesturlanda?

„Það er mjög sterk tilhneiging í þessa átt, að stilla Islam upp með þessum hætti. Fyrir utan þá þætti sem þú nefnir má ekki gleyma hagsmunum Vesturveldanna af öllu. Þeir geta meinað Vesturlöndum aðgang að þessari lífsuppsrettu vestrænna þjóðfélaga. Ef þeir hefðu ekki tangarhald á því væri Islam mjög slæmur valkostur, því þá væri ekki um skörun hagsmuna að ræða. Hinn valkosturinn gæti verið Kína og Japan, þar er sama fjarlægðin í útliti og gildum og þar eru keppinautar í alþjóðaviðskiptum. Vesturlöndin eru hins vegar það tengd þessum löndum með gagnkvæmum hagsmunum að það er lítil hætt á slíkri andstæðri uppsetningu. Það verður pirringur frekar en að menn fari að búa til nýjan „andstæðing“ vesturveldanna þar.“

Ógn heittrúarstefnu ræðst af aðgerðum Vesturlanda

Þó svo sagan sýni að Islam hafi haft meira umburðarlyndi gagnvart öðrum trúarbrögðum en kristni telur þú að svokölluð „heittrúarstefna“ meðal múhamedstrúarmanna, til dæmis í Egyptalandi og Alsír, sé af öðrum meiri og að hún eigi eftir að ógna Vesturlöndum með einhverjum hætti?

„Þetta er ógn, en ástæðurnar fyrir að þetta þrífst má tilgreina: Ef ekki væri Palestínumálið væri ekki næstum því jafnmikil kraftur í þessum heittrúarmönnum og fylgi þeirra minna. Ef ekki væru afskipti Vesturlanda af löndum múslima, fyrst með hernámi og síðan með uppskiptingu arababeimans í gervirki og alls konar ríki sem eru sniðin til að vera í upplausn, þá væri ekki þessi kraftur. Og loks er hinn gifurlegi munur á lífskjörum fólks í þessum ríkjum, skortur almennings og auðlegð yfirstéttarinnar. Þetta eru hinar þrjár ástæður fyrir að uppgangur heittrúarmanna hefur orðið mögulegur og Vesturlönd geta vegið að rótum þessa vanda, með mishröðum hætti að vissu. En með röngum viðbrögðum er líka hægt að hella meiri olíu á þetta bál. Sennilega verða báðar tegundir af viðbrögðum upp á teningnum, en breytt afstaða Vesturlanda til Ísraels gefur til kynna að þau eru að átta sig á að hagsmunir þeirra krefjast breyttrar stefnu. Hins vegar held ég að það eigi eftir að verða gifurlegt uppgjör í mörgum þessara landa, t.d. Alsír og Egyptalandi.“

Hvað finnst þér um „ritdóm“ Björns Bjarnasonar? Ertu vinstri-sinnaður sérfræðingur, dauður í dálkinn yfir þeirri „skoðun“ að Vesturlönd hafi unnið hressmyndafræðilega baráttu kalda stríðsins og ertu að streða við að sanna að ekki sé allt sem sýnist þegar um er að ræða yfirburði kapitalisma og lýðræðislegra stjórnarháttar?

„Ef hægt er að saka mig um áróður af einhverju tagi þá er það áróður fyrir lýðræði. Það sem ég hef einfaldlega bent á er að lýðræðisríki Vesturlanda hafa ekki stutt lýðræðisþróun annars staðar í heiminum, heldur þvert á móti. Þessi ásökun Björns um að ég sé á móti Bandaríkjunum og því með einhverjum myrkráðflum er auðvitað hluti af kaldastríðshugsunarhætti. Heimurinn er smám saman að vaxa upp úr slíku.“

Páll H. Hannesson